

VIII. KAFLI
Stjórnvaldsreglur, gildistaka, brottfall laga og lagaskil.

41. gr.

Stjórnvaldsreglur.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara í reglugerð.

42. gr.

Gildistaka og brottfallin lög.

Lög þessi taka gildi þegar sex mánuðir eru liðnir frá birtingu þeirra.

Frá sama tíma falla úr gildi ættleiðingarlög, nr. 15/1978.

43. gr.

Lagaskil.

Úr ættleiðingarumsóknum og umsóknum um forsamþykki sem borist hafa dómsmálaráðuneytinu fyrir gildistöku laga þessara skal leysa samkvæmt lögum nr. 15/1978. Ef umsækjendur óska þess er þó heimilt að beita reglum þessara laga.

Gjört á Bessastöðum, 31. desember 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Sólveig Pétursdóttir.

Nr. 131

31. desember 1999

LÖG**um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

- a. 2. másl. 3. mgr. hljóðar svo: Gjald fyrir veiðikort skal vera 1.900 kr. á ári.
- b. 4. mgr. hljóðar svo:

Þeir sem stunda veiðar á villtum dýrum skulu hafa tekið próf um villt dýr og umhverfi þeirra og í hæfni til veiða. Veiðistjóri heldur námskeið til undirbúnings hæfnisprófum. Veiðistjóra er heimilt að innheimta gjald fyrir töku prófs um villt dýr og umhverfi þeirra og í hæfni til veiða og fyrir námskeið til undirbúnings prófunum. Gjöld skulu aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu. Ráðherra setur að fengnum tillögum veiðistjóra gjaldskrá fyrir próf og námskeið til undirbúnings hæfnisprófum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 31. desember 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Siv Friðleifsdóttir.